



LUND UNIVERSITY

Um bakstur og boðhált ('On baking and the imperative')

Sigurðsson, Halldor Armann

Published in:

Lesið í hljóði fyrir Kristján Árnason sextugan (a Festchrift for Kristján Árnason)

2006

[Link to publication](#)

Citation for published version (APA):

Sigurðsson, H. A. (2006). Um bakstur og boðhált ('On baking and the imperative'). In *Lesið í hljóði fyrir Kristján Árnason sextugan (a Festchrift for Kristján Árnason)* (pp. 77-81)

Total number of authors:

1

General rights

Unless other specific re-use rights are stated the following general rights apply:

Copyright and moral rights for the publications made accessible in the public portal are retained by the authors and/or other copyright owners and it is a condition of accessing publications that users recognise and abide by the legal requirements associated with these rights.

- Users may download and print one copy of any publication from the public portal for the purpose of private study or research.
- You may not further distribute the material or use it for any profit-making activity or commercial gain
- You may freely distribute the URL identifying the publication in the public portal

Read more about Creative commons licenses: <https://creativecommons.org/licenses/>

Take down policy

If you believe that this document breaches copyright please contact us providing details, and we will remove access to the work immediately and investigate your claim.

LUND UNIVERSITY

PO Box 117
221 00 Lund
+46 46-222 00 00

BAKSTUR OG BOÐHÁTTHUR

Halldór Ármann Sigurðsson

Huang gerði á sínum tíma (1984) greinarmun á “heitum” málum og “köldum”. Í heitum eða margorðum málum, eins og t.d. ensku, verður yfirleitt að nefna alla rökliði, sbr. (1); eyðan táknar ósagðan röklið:

- (1) a. Guðvarður and Haraldur said that **they** baked the cake.
b. * They said that __ baked the cake.

Heit mál eins og enska og t.d. franska sæta almennri *fornafnaskvöð*, en það á ekki við um köld mál, eins og t.d. kínversku, þar sem dæmi eins og (1b) eru eðlileg. Svo virðist reyndar sem flest tungumál séu köld eða svöl. Forníslenska var t.d. kalt mál (Þóra Björk Hjartardóttir 1987, Halldór Ármann Sigurðsson 1993) en í nútímamálinu hafa menn yfirleitt orð á vísandi rökliðum, a.m.k. í formlegu máli.

Nokkuð sérstöku máli gegnir þó um fyrirmæli, þar láta rökliðir iðulega ekkert á sér kræla. Þetta er t.d. algengt í stuttum boðum og uppskriftum. Yfirleitt eru slíkar yrðingar í boðhætti í íslensku en nafnháttarfyrirmæli heyrast líka í hvundagsmáli:

- (2) Skreytið __ með ananashringjunum ...¹

- (3) a. *Höskuldur*: Nei, sko, afmælisterta!
b. *Kristján*: Já, ekki snerta __!

Núllfrumlög eru að sjálfsögðu útbreidd í boðhátтарsetningum og regla í flestum nafnháttar-yrðingum. *Núllandlögin* sæta meiri tíðindum.² Massam og Roberge fjölluðu um fyrirbærið í flugu fyrir allnokkru (1989). Eftirfarandi dæmi er þaðan:

- (4) Take 3 beaten eggs. Put __ in a hot oven for 5 minutes. Watch __ carefully.

Flugan vakti ekki mikla athygli. Líkast til hafa flestir málfræðingar litið svo á að fyrirbærið tilheyrði ekki “kjarnamálfræðinni”.

Þegar að er gáð kemur þó á daginn að þessar núllandlagsformgerðir eru afar algengar. Ég hef gert einfalda athugun á útbreiðslu núllandlaga í boðhátтар- og nafnháttasetningum í uppskriftum í 18 Evrópumálum og hún leiddi eftirfarandi í ljós:³

A *Núllandlag leyfilegt í boðhætti í uppskriftum:*

Franska, pólska, íslenska, norska, danska, sænska, enska, rússneska, serbó-króatíska, slóvenska, finnska og ungveska

B *Núllandlag leyfilegt í nafnhætti í uppskriftum:*

Franska, pólska, tékkneska, þýska, hollenska, ítalska, spænska

C *Núllandlag óleyfilegt í uppskriftum:*

Katalónska

¹ Fleirtölumyndir 2. persónu í fyrirmælasætningum eru hér flokkaðar sem setningafræðilegir boðhættir, sbr. hér á eftir. Setningin í (2) er fengin að láni af vefsíðunni www.uppskriftir.is.

² Það var Joan Maling sem upphaflega benti mér á núllandlög í fyrirmælum og hafi hún bestu þakkir fyrir. Þessi fluga er að miklu leyti byggð á grein okkar um núllrökliði (Halldór Ármann Sigurðsson og Joan Maling 2006).

³ Reyndar vildu einhverjir ítalskir, spænskir og þýskir málhafar ekki leyfa nein núllandlög í uppskriftum (og einum Íslendingi fannst nafnháttur eðlilegur í uppskriftum). Sjá nánar Halldór Ármann Sigurðsson og Joan Maling (2006), þar sem heimildarmanna er getið.

Eins og ég nefndi eru núllfrumlög útbreidd í boðháttarsetningum en mörg tungumál leyfa þó sögð frumlög í slíkum setningum, a.m.k. í andstæðumerkingu, sbr.:

- (5) a. **You** bake it yourselves!
b. Bakið **þið** hana sjálf!

Svo einkennilega háttar hins vegar til að það er útilokað að hafa frumlag í boðháttarsetningum þar sem andlag er látið ósagt. Þetta mætti kalla *núllfrumlagsskilyrðið fyrir núllandlögum*, sbr.:

- | | | | |
|--------|-----------------------------|-------|--------------------------------------|
| (6) a. | Bh...frl | t.d.: | Bjóðið þið bara upp á tertu. |
| b. | Bh...Øfrl | | Bjóðið __ bara upp á tertu. |
| c. | Bh...frl...andl | | Skerið þið eplin í litla bita. |
| d. | Bh...Øfrl...andl | | Skerið __ eplin í litla bita. |
| e. | Bh...Øfrl...Øandl | | Skerið __ __ í litla bita. |
| f. | * Bh... frl ...Øandl | | * Skerið þið __ í litla bita. |

Þetta er einkennilegt mynstur og enn sérlegra er að þetta er reglan í öllum þeim málum sem athugun mín náði til. Mál sem annars þola ekki vísandi núllandlög leyfa þau í sérstöku fyrirmælasniði en *þó því aðeins* að frumlag setningarinnar sé líka látið ósagt. Eftirfarandi setningar úr frönsku eru til dæmis um þetta:⁴

- (7) Prenez trois oeufs. (***Vous**) déposez __ dans un bol. (***Vous**) battez __ doucement.
‘Takið þrjú egg. Setjið (*þér) __ í skál. Þeytið (*þér) __ varlega.’

Sú staðreynd að þetta fyrirbæri er svo algengt sem raun ber vitni og kemur fram með svo líkum hætti í svo mörgum málum bendir til þess að það tilheyri “kjarnamálfræðinni” og verðskuldi því fulla athygli málfræðinga.

Núllfrumlagsskilyrðið fyrir núllandlögum er reyndar ekki bundið við fyrirmæli. Greina má svipað mynstur í ýmsum öðrum setningagerðum með ósögðum (vísandi) rökliðum. Stundum er vísandi andlagi t.d. sleppt í seinni setningunni af tveim tengdum setningum, og þetta á ekki bara við um íslensku heldur líka norsku og að nokkru leyti sænsku og reyndar t.d. einnig fornítölsku (ég læt þó nægja að vísa hér til umfjöllunar Eiríks Rögnvaldssonar 1990 um þessa formgerð í íslensku):

- (8) a. Stal köku og eyðilagði __.⁵
b. Allir málfræðingarnir föðmuðu afmælisbarnið og kysstu __ ákaflega.

Einnig hér er vont að hafa núllandlag nema setningin hefjist á ósögðum lið, ef svo kauðalega má að orði komast (sjá líka Höskuld Þráinsson 2005:348):

- (9) a. * Bókmenntafræðingurinn stal köku og **hann** eyðilagði __.
b. * Allir málfræðingarnir föðmuðu afmælisbarnið og **ákaflega** kysstu (þeir) __.

Eins og þessi dæmi bera með sér skiptir hér ekki endilega máli hvort hinn sagði “vinstri kantur” setningarinnar er frumlag eða annars konar liður (eins og í (9b)). Í boðháttarsetningum er hinn “truflandi” liður frumlag og það er ekki alveg yst á vinstri kanti, en þó eru líkindin sláandi. Við getum hugsað okkur að núllandlög í íslensku og ýmsum skyldum málum “vilji” vera sem næst upphafi setningarinnar en láti sagnir þó ekki trufla sig.

⁴ Þessi setning er fengin að láni úr áður nefndri grein okkar Joan Maling.

⁵ Byggð á fyrirsögn í mbl.is | 27.12.2005, sem reyndar fjallaði um bíl en ekki köku!

Ef við líkjum setningarupphafinu við háborð getum við sagt að þar eða því næst vilji núllandlöginn sitja en engar hornkerlingar vera. Þetta skilyrði verður hér nefnt *háborðskrafan*.⁶

Háborðskrafan er reyndar ekki bundin við núllandlög heldur gera núllfrumlög í germönskum málum þessa kröfu yfirleitt líka. Þetta á t.d. oftast við um núllfrumlög í svokallaðri tengieyðingarformgerð, sbr.:

- (10) a. Eiríkur og Ari Páll þeyttu rjómann en __ nenntu ekki að skera eplin í bita.
b. * Þeir þeyttu rjómann en **eplin** nenntu __ ekki að skera í bita.

Þótt (nú tíma)germönsk mál séu venjulega ekki talin til núllliðamála eru núllrökliðir algengir í hvundagstextum í þessum málum. Við réttar aðstæður eru eftirfarandi dæmi t.d. eðlileg (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:345-348):

- (11) a. Erum boðin í veisluna á eftir. Hlökkum til að hitta Kristján.
b. Er í boði. Kem fljótlega.
c. Situr bara hérna og úðrar í þig/sig tertum!

Öll dæmi af þessu tagi svara háborðskröfunni, þ.e. hinn ósagði rökliður er ómálfræðilegur nema hann “sitji við háborðið”:

- (12) a. ***Á eftir** erum __ boðin í veisluna.
b. ***Fljótlega** kem __.
c. ***Hérna** situr __ bara og úðrar í þig/sig tertum!

Í áðurnefndri grein okkar Joan Maling er háborðskrafan skýrð þannig að núllliðurinn nái ekki að tengjast textanum eða samhenginu sem umræðuliður (topic) ef frumlag eða annar umræðuliður stendur á milli hans og setningarupphafsins.

Víkjum þá aftur að boðhætti. Boðháttarformgerðir eru fjölbreytilegar í íslensku og varpa góðu ljósi á hömlur núllrökliða. Um er að ræða þrjú form í eintölu en tvö í fleirtölu.⁷

- | | | | | | | |
|---------|-----------------|------|------------|-------------|-----------|-----------|
| (13) a. | Rótarboðháttur | t.d. | †bjóð (þú) | †brjót (þú) | †far (þú) | †ver (þú) |
| b. | Viðskeyttur bh. | t.d. | bjóddu | brjóttu | farðu | vertu |
| c. | Stýfður bh. | t.d. | bjódd þú | brjótt þú | farð þú | vert þú |
-
- | | | | | | | |
|---------|-----------------|------|--------------|---------------|-------------|-------------|
| (14) a. | Grunnform 2p.ft | t.d. | bjóðið (þið) | brjótið (þið) | farið (þið) | verið (þið) |
| b. | Viðskeytt form | t.d. | bjóðið | brjótið | farið | verið |

Forvitnilegt er að athuga hvernig þessi form samræmast núllandlögum í uppskriftum. Hugsum okkur að 3 egg hafi verið “kynnt til sögunnar” og nú sé tími til kominn að brjóta þau í skál.⁸

- (15) a. * Brjótið **þið** __ í skál og ...
b. ?? Brjótið **ði** __ í skál og ...
c. Brjótið __ í skál og ...

⁶ “The Empty Left Edge Condition” í áðurnefndri grein okkar Joan Maling.

⁷ Sjá um eintöluformin hjá Orešnik (1980). Flest bendir til að skynsamlegt sé að flokka “fleirtöluhvátningar” sem boðháttarformgerðir í setningafræðilegum skilningi og er það gert hér. Rótarboðháttur eintölu kemur að mínu viti ekki lengur fyrir nema í hátíðlegu eða fornlegu máli og er það gefið til kynna með krossinum í (13a).

⁸ Dómarnir í (15) og (16) eru mínir. Átta félagar í fræðunum dæmdu líka (15a,b,c) og (16b) fyrir mig (sjá þakkir í grein okkar Joan Maling) og voru sumir þeirra samdóma mér í einu og öllu en aðrir höfðu ekki mjög skýra tilfinningu fyrir þessum dæmum.

Eintöluformin eru naumast notuð í uppskriftum en þó velkist ég ekki í neinum vafa um eftirfarandi dóma:

- (16) a. * Brjótt **ÞÚ** ___ í skál og ...
b. ? Brjóttu ___ í skál og ...

Eins og við var að búast er núllandlagið ómögulegt í (15a) og (16a) en prýðilegt í (15c). Það eru b-setningarnar sem eru athyglisverðar hér. Vegna þess að íslenska hefur viðskeytt boðháttaform er hún eins og tilraunastofa, þar sem nánast er hægt að “mæla” áhrif frumlagsþagnarinnar á gæði andlagsþagnarinnar. Eins og sjá má er því auðveldara að hafa núllandlag í boðhátta-setningum sem frumlagið lætur minna á sér kræla, “þvælist” minna fyrir, á milli núllandlagsins og setningarupphafsins (“háborðsins”). Það er meira að segja þannig að eintöluformið í (16b) er skárri en fleirtöluformið í (15b), jafnvel þótt eintalan sé yfirleitt ekki notuð í uppskriftum, og skýringin á þessu virðist vera sú að fleirtöluviðskeytið ber aukaáherslu þriðja atkvæðis og “þvælist” þar með meira fyrir en eintöluviðskeytið. Þetta kemur á óvart, því að það bendir til þess að skýringin á háborðskröfunni sé *hljóðkerfisleg*. Þessi óvænta niðurstaða fær frekari stuðning af þeirri staðreynd að setningin í (16b) verður óaðfinnanleg (a.m.k. í máli sumra) ef sérhljóðshluti viðskeytisins fellur niður sökum hljóðgaps:

- (17) Brjótt’ ___ í skál og ...

Þetta er merkilegt. Við fyrstu sýn virðist háborðskrafan vera setningafræðilegt skilyrði og minnir á klassískar “eyjahömlur” en þegar að er gáð verður ekki betur séð en hún virki í rauninni í hljóðkerfishluta málsins.

Þar með er afmælistertan fullbökuð. Skerið nú væna sneið og snæðið með bestu lyst!

HEIMILDIR

- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. Null objects in Icelandic. Í *Modern Icelandic Syntax*, ritstj. Maling, Joan og Annie Zaenen, 367–379. San Diego: Academic Press.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1993. Argument-Drop in Old Icelandic. *Lingua* 89:143–176.
- Halldór Ármann Sigurðsson og Joan Maling. 2006. Argument drop and the Empty Left Edge Condition (ELEC). Sjá rafræna útgáfu á LingBuzz.
- Huang, Cheng-Teh James. 1984. On the distribution and reference of empty pronouns. *Linguistic Inquiry* 15:531–574.
- Höskuldur Bráinsson. 2005. *Íslensk tunga III: Setningar*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Massam, Diane and Yves Roberge. 1989. Recipe context null objects in English. *Linguistic Inquiry* 20:134–139.
- Orešnik, Janez. 1980. On the Modern Icelandic Clipped Imperative Singular. Í *The Nordic Languages and Modern Linguistics* [4], ritstj. Even Hovdhaugen, 305–314. Oslo: Universitetsforlaget.
- Þóra Björk Hjartardóttir. 1987. *Getið í eyðurnar*. Cand.mag.-ritgerð, Háskóla Íslands [gefin út 1993 hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands].